



SKÝRSLA SJÁLFBOÐALIÐASTARFS UMHVERFISSTOFNUNAR 2019




Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunnar unnu á 32 náttúruverndarsvæðum á Íslandi, innan marka Þjóðgarðs Snæfellsjökuls (Öndverðarnes og Djúpalónssandur), Vatnajökulspjóðgarðs (Skaftafell, Jökulsárlón, Snæfell, Eldgjá, Lakagígar, Ásbyrgi, Askja, Nýidalur, Krepputunga), við Mývatn, á friðlandinu Hornstrandar, Vatnsfjarðar, Herðurbreiðarlindir, Dyrhólaey, Fjallabak, Gullfoss, Hólmaness, við náttúruvætti Dimmuborgir, Hverfjall, Eldborg í Hnappadal, Hveravellir, Dynjandi, Dettifoss, Skógarfoss, Eldborg í Bláfjöllum, á Reykjanesfólkvang og á mjög eftirsótt svæði á Náttúruminjaskrá á borð við Kerlingarfjöll, Geysir, Þjorsárdalur og Látrabjarg.

Verkefni sjálfbóðaliðanna í náttúruvernd og vistheimt eru mörg, má þar nefna:

- Afmörkun, viðhald og lagning náttúruleg gönguleiða í óbyggðum (stikun, tröppur og ræsi með grjóti).
- Endurheimt landslags og víðernis (loka villustígum, raka yfir hjólför vegna aksturs utan vega).
- Landmótun (laga göngustíga svo þeir falli betur inn í landslagið), mosaflutning.
- Líffræðileg fjölbreytni: uppræting ágengra plöntutegunda.
- Endurreisn gamalla varða (með umsjón sérfræðings frá Minjastofnun).
- Hreinsun náttúrulegra og ósnortinna svæða (Hornstrandir, Rauðasandur, Reykjanes).
- Aðstoða við starfsemi í þjóðgördum (sem fæst lærdómur af) t.a.m. úttekt á ástandi náttúrulegra gönguleiða. Vöktun gesta á náttúruverndarsvæðum. Vöktun lífríkis – aðstoða landverði.
- Ýmis konar fræðslu og náttúrutúlkun um náttúruna og umhverfi.
- Kynning og þjálfun (sjálfbóðaliðar með mikla reynslu fræða nýja sjálfbóðaliða og koma þekkingunni þannig áfram, t.d. hvað varðar liðstjórn).

Þessi skýrsla inniheldur yfirlit fyrir sumarið 2019, sem lýsir hvað þau voru að gera, Ástand/vandamál vs Verkefni og myndar.



SVÆÐI	v.v	v.d.
Undirbúning/Stjórnun	26	130
Þjálfun liðsstjóra	15,8	79
ÖNNUR VERKEFNI		
Skipulag. Græna Helgi	6,6	33
ICV		
SNÆFELSJÖKULL ÞJÓÐG.	29,4	147
ELDBORG Í HNAPP.	9,8	49
MÝVATN	14	70
VATNSFJÖRÐUR	10	50
LÁTRABJARG	10	50
HORNSTRANDIR	7	35
GEYSIR/GULLFOSS	3	15
ÞJÓRSÁDALUR	4	20
KERLINGARFJÖLL	5	25
DYRHÓLAEY	10	50
FJALLABAK	15	75
SKÓGAFOSS	5	25
HOLMANES	10	50
REYKJANESFOLKvangur	0,4	2
SKAFTAFELL	25,8	129
JÖKULSÁRLÓN	17,6	88
SNÆFELL	6	30
KREPPUTUNGA	4	20
ASKJA	5	25
JÖKULSÁRGLÚFUR	15	75
NÝDALUR/KISTUF.	5	25
LAKI	5	25
ELDGJÁ	5	25
Vinnud./Mannvikur	269,4	1347
UST Svæði	132,6	663
VJP-Svæði	88,4	442
Undirbúningur/Þjálfun	48,4	242

FRAMKVÆMDIR OG AÐGERÐIR GERT MED SJÁLFBODALÍÐAVINNU 2019





Þjóðgarðurinn Snæfellsjökuls

Sjálfbóðaliðarins hópar: 5

Vinnudagar: 147

Liðsstjóri(ar): Roger Whysall, Kerry Ireland, Mikhail Shevchenko, Geke Aline Boer, Daniel Averill, Lars Scharfe, Christopher Long & Daniel Smith

Sérfræðingur (eða Landvörður): Jón Björnsson / Linda Björk Hallgrímsdóttir

Steinarkitekt: Gunnar Óli Guðjónsson

02.06 – 09.06

09.06 – 16.06

16.06 – 22.06

Ástand/vandamál

Djúpalónssandur: Göngustígur út í Dritvík er mjög illa farinn. Stígur verður lagfærður eftir föngum, þrep lagfærð og sérfræðingur aðstoðaður við að leggja þrep niður á Djúpalónssand.

Öndverðarnes: Á Öndverðarnes, er göngustígur með pall sem þurfa að verða tengdir. Vandamálið er að stígur getur verið blautur og fólkið mun ganga af stígnum.

Verkefni

- Byggja steinströppur frá bílastæðinu til strandarinnar á göngustígum í Djupalónssandi. Lokun villustiga var líka stór hluti starfsins (til dæmis loka óæskilegri stígi, mosígræðsla eða grasígræðsla).
- Byggja timbströppur og allar frá Öndverðarnesvita til strandarinnar í Öndverðarnesi.





Eldborg í Hnappadal, Náttúruvætti

Sjálfbóðaliðarins hópar: 2

Vinnudagar: 49

Liðsstjóri(ar): Mikhail Shevchenko & Kerry Ireland

Sérfræðingur (eða Landvörður): Þórhildur Kristinsdóttir

Steinarkitekt: Guðjón Stefán Kristinsson

16.06 – 22:06

22.06 – 29.06

Ástand/vandamál

Árið 2018 hófst vinna við endurgerð á þrepum upp á gíginn sjálfan. Nauðsynlegt er að halda áfram þessari vinnu til að auka á öryggi gesta. Þrepin upp á topp gígsins eru illa farinn og erfið.

Verkefni

- Áframhaldandi endurnýjun á þrepum upp að gígnum. Gönguleið uppá topp gígsins endurgerð og öryggi bæt



Vatnsfjörður, Friðland

Sjálfbóðaliðarins hópar: 2

Vinnudagar: 50

Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland & Andoni Alfaro Leránoz
Sérfræðingur (eða Landvörður): Edda Kristín Eiríksdóttir

09.06 – 16.06

16.06 – 22.06



Ástand/vandamál


Nágrenni Flókalundar og við Pennu: Lagfæra göngustíga. Lagfæra þarf göngustíg við Pennu, endurstika og lagfæra göngustíg upp af tjaldstæði við Flókalund að Helluvatni sem er ógreinilegur.

Gönguleið að Lambagili: Göngustígur þar sem er fallhætta, endurstika síðasta hluta. Við innsta hluta leiðarinnar áður en að gilinu er komið er mikil fallhætta og á öðrum hluta er farið í gegnum klettabelti hvar erfitt er að fóta sig. Skoða þarf hvort gerlegt er að færa gönguleiðina til að gera hana öruggari. Einnig er seinni hluti hringleiðar frá Lambagili meðfram Vatnsdalsvatni ógreinileg og þarf að endurstika og klippa birki.

Hörgsnes: Hringleið að Gíslahelli er sleip og hugsanlega hættuleg í bleytu. Trétröppur frá 2004 orðnar lélegar. Skoða það hvort færa þarf stíginn úr bröttustu brekkunni, útbúa nýjar tröppur, drema þar sem þarf, endurstika.

Verkefni

- Byggja steinströppur og holræsi í stígnum // frágangur kanta í Þingmannadalnum
- Hreinsa/taka út gras og mála sögulega braut



Látrabjarg, önnur svæði

Sjálfbóðaliðarins hópar: 2

Vinnudagar: 50

Liðsstjóri(ar): Daniel Averill & Christopher Long

Sérfræðingur (eða Landvörður): Edda Kristín Eiríksdóttir

09.06 – 16.06

16.06 – 22.06



Ástand/vandamál

Keflavík: Rusl í fjöru og grjóthleðslu. Hreinsa þarf fjöru í Keflavík og tæma grjóthleðslu fyrir neðan slysavarnarskýli.
Ritugjá: Flöt og stígar við Ritugjá eru afar illa farnir af ágangi og traðki. Sjálfbóðaliðar 2018 drenguðu stíg þar sem hann var verst farinn og báru mól í um 10 metra. Eftir standa rúmlega 40 metrar sem þarf að malarleggja. Efni hefur verið flutt á þyrlu upp á bjargið og þarf að vinna úr því í sumar og halda áfram með lagfæringu stígsins þar sem hann er verstur.

Geldingskorardalur: Gróðurskemmdir á gönguleið milli Geldingskorardals og Keflavíkur. Þarf að stika leið svo allir fylgi sama slóða, gróðurskemmdir hafa orðið þar sem

Verkefni

- Bryggja steinströppur og dren og ræsi í stígnum // frágangur kanta
- Lokun villustiga með gras-uppræðslu



Hornstrandir, Friðland

Sjálfbóðaliðarins hópar: 2 (1 fimm manna hópur og 1 tveggja manna hópur)

Vinnudagar: 35

Liðsstjóri(ar): Lindsay Selmes

Sérfræðingur (eða Landvörður): Kristín Ósk Jónasdóttir

07.07 – 14.07

11.08 – 18.08



Ástand/vandamál

Hesteyri: Göngustígur orðin mjög mjór og eins komið rof í hann. Því þarf að færa hann ofar í landið og gera hann breiðari. Fara þarf yfir gróið land, þar sem bæði Hvönn og Kerfill vaxa.

Hornvík: Endurhlaða þarf vörður á milli Skálakambs og Atlaskarðs, Atlakarðsmeginn í Hælavíkinni.

Verkefni

- Lagfæring á göngustíg og gerð nýs stígs í gegnum gróið land á Hesteyri
- Endurbygging eldri varða með aðstoð hleðslumeistara



Geysir, Önnur svæði / Gullfoss, Friðland

Sjálfbóðaliðarins hópar: 1 (þriggja manna hópur)
Vinnudagar: 15
Liðsstjóri(ar): Geke Aline Boer
Sérfræðingur (eða Landvörður): Valdimar Kristjánsson

09.06 – 16.06



Ástand/vandamál

Gullfoss: Útbúa þrep upp á stall neðst við foss úr grjóti sem er á staðnum. Útbúa 2 dren á stíg niður að Gullfossi. Lagfæringar á gönguleið niður með Hvítá að Bratttholti ef tími gefst til. Grjót af svæðinu raðað upp undir stall til þess að auðvelda fólki för upp á stall. Grjót af svæðinu raðað upp undir stall til þess að auðvelda fólki för upp á stall.

Geysir: Unnið verður í Laugarfelli við Geysi ef tími gefst til en Gullfoss verður í forgang. Laugarfel/Geysirl varð fyrir valinu þar sem erfitt var að framkvæma verkefni við Gullfoss.

Verkefni

- Ekki var mögulegt að fara í verkefni á Gullfossi þar sem framkvæmdin þarfnast vinnuvéla og verktaka. Reynt var að fara í að gera almennilegt dren á gönguleið niður að Gullfossi. Verkefnið gekk ekki þar sem komið var niður á lögn og var því drenið haft minna í sniðum en upphaflega stóð til. Ákveðið var því að útbúa steinþrep við upphaf gönguleiðar upp Laugarfell frá Konungshver. Gekk verkefnið vel og bætir gönguleiðina sem áður var í leir sem var erfiður yfirferðar í bleytu. Unnið hefur verið í göngustíg upp Laugarfell og tengja tröppur því Laugarfell og Geysissvæðið saman. Allt efni í tröppur var á staðnum og því eins náttúrulegt eins og kostur er.



Skógafoss, Náttúruvætti

Sjálfbóðaliðarins hópar: 1
Vinnudagar: 25
Liðsstjóri(ar): Geke Aline Boer
Sérfræðingur (eða Landvörður): Daníel Freyr Jónsson

23.06 – 29.06



Ástand/vandamál

Girða á Skógaheiði: Girða meðfram gönguslóða á Skógaheiði. Girða skal ármegin við göngustíg, mögulega ekki samfelld girðing. Efni keypt sem ætti að duga í kringum 200 metra girðingu.



Loka villustígum í hlíðinni við fossinn: Töluvert um villustíga á afgirtu svæði frá tröppunum að klettabrúnum. Niðurtroðinn jarðvegur og gróður. Svæðið hefur þó jafnað sig töluvert eftir að hafa verið girt af. Stungið í og losað upp þjappaðan jarðveginn. Kantar skornir og felldir niður yfir göngustígin.

Loka villustígum við stíg neðarlega og ofar á Skógaheiði: Nokkuð erum um slóða sem liggja niður frá stígnum að ánni. Stungið í og losað upp þjappaðan jarðveginn. Kantar skornir og felldir niður yfir göngustígin.

Verkefni

- Girt var af um 200 metra kafla meðfram gönguslóða á Skógaheiði. Sýnileg framför varð á gróðurþekju utan girðingar mjög fljótlega eftir að girðingin var reist. Eftir að því verki lauk var unnið að lokun villustíg í brekkunni austan við Skógafoss, sem og við Fosstorfufoss litlu ofar í ánni. Lokun villuslóða heppnaðist mjög vel sem bætir ásýnd svæðisins.



	<h2 style="text-align: center;">Dyrhólaey, Friðland</h2> <p style="text-align: center;"> Sjálfbóðaliðarins hópar: 2 Vinnudagar: 50 Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland & Andoni Alfaro Leránoz Sérfræðingur (eða Landvörður): Daníel Freyr Jónsson </p> <p style="text-align: center;"> 23.06 – 29.06 30.06 – 06.07 </p>
<p style="text-align: center;">Ástand/vandamál</p>	<p>Áframhaldandi tröppugerð og lagfæring á stíg: Svæði ofan steinþrepa á langa göngustígnum er ansi gróft og laust. Hér þarf að grjóthreinsa og gera þrep.</p> <p>Breikkun og lagfæring á tröppum: Tröppur voru hlaðnar af sjálfbóðaliðum og eru ansi mjóar. Eitthvað er farið að skolast til í kringum þær og troðningur að myndast meðfram tröppunum,</p> <p>Ræsa út göngustíg austan við vitan, ofan steinþrepa: Blautt svæði ofan við tröppurnar á langa göngustígnum. Oft myndast mjög stórir pollar. Vegna lögun landsins á svæðinu gæti reynst erfitt að dreina vatnið í burt. Í stað dreina gæti þurft að finna aðrar lausnir, t.d. raða stórum steinum</p> <p>Bera stórgrýti í göngustíg: Blautt svæði austarlega á Lágey á langa göngustígnum. Stígurinn er í formi stórra steina sem standa upp úr bleytunni.</p> <p>Afmá villustíga við langa stíginn: Nokkuð erum slóða og troðninga við langa stíginn milli</p>
<p style="text-align: center;">Verkefni</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið var í steinþrepum á göngustígnum sem liggur á milli Háeyjar og Lágeyjar. Tveir hópar komu að verkinu og tókst að gera nýjar, breiðari og mun þægilegari þrep en þau sem áður voru.
	

Þjórsárdalur, Önnur svæði

Sjálfbóðaliðarins hópar: 1 (fjögurra manna hópur)
Vinnudagar: 20
Liðsstjóri(ar): Daniel Smith
Sérfræðingur (eða Landvörður): Hákon Ásgeirsson

23.06 – 29.06



Ástand/vandamál

Svæðið í Gjánni er illa farið af átroðningi. Margir villustígar hafa myndast og gróður lætur mikið á sjá. Girða þarf af gönguleiðir, laga göngubrýr og loka villustígum. Þá þarf að setja upp leiðbeinandi skilti.

Verkefni

- Gerð steinþrepa og grjótræsa
- Smíðar og lagfæringar á göngubrúum
- Uppsetning girðinga og leiðbeinandi skilta.
- Uppgræðsla og lokun villustíga



Fjallabak, Friðland

Sjálfbóðaliðarins hópar: 3

Vinnudagar: 75

Liðsstjóri(ar): Lars Schafe, Geke Aline Boer & Joanne Evans

Sérfræðingur (eða Landvörður): Hákon Ásgeirsson

Steinarkitekt: Gunnar Óli Guðjónsson

23.06 – 29.06

30.06 – 06.07

14.07 – 20.07




Ástand/vandamál

Gönguleið um Laugahraun að Brennisteinsöldu var illa farinn og illsjáanlegur á köflum. Gera þurfti nýjan göngustíg og loka villustígum. Gróður umhverfis gönguleiðarinnar var illa farinn og þurfti að girða af svæði á hluta. Þá voru steinþrep meira og minna ónýtt vegna lítils viðhalds og þurftir að gera ný þrep.

Verkefni

- Viðhald á göngustíg um Laugahraun í Landmannalaugum.
- Uppgræðsla á villustígum og lagfæringar á köntum.
- Gerð steinþrepa með verktökum
- Uppsetning girðinga meðfram göngustíg



	<h2 style="text-align: center;">Mývatn, Náttúruvætti</h2> <p style="text-align: center;">Sjálfbóðaliðarins hópar: 3 (1 fjögurra manna hópur) Vinnudagar: 70 Liðsstjóri(ar): Daniel Averill, Lee Dunn & Lindsay Selmes Sérfræðingur (eða Landvörður): Davíð Ö. Hansson</p> <p style="text-align: center;">16.06 – 22.06 14.07 – 20.07</p>
<h3 style="text-align: center;">Ástand/vandamál</h3>	<p>Lúpína á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Áletranir á botni Hverfjalls og hálfkláruð bandagirðing meðfram brún gígsins. Frágangur við skilti við Laxá – jarðvegsvinna, ecogrids og hleðsla. Í Dimmuborgum þarf að ruslahreinsa allt svæðið eftir veturinn, breikka og lagfæra þrep við Kirkjuna og klippa gróður frá slóðum. Við Skútustaðagíga þarf að bera kurl í nýjan stíg sem sjálfbóðaliðarnir gerðu í fyrra. Afgangskurlið má setja í blautan stíg við Kálfastrandarklasa. Það þarf að lagfæra vatnslása á gönguleiðinni á Belgjarfjall og lagfæra og breyta legu slóðarinnar efst á fjallinu.</p>
<h3 style="text-align: center;">Verkefni</h3>	<ul style="list-style-type: none"> • Raka för á botni Hverfjalls og dreifa úr steinum. • Ljúka við bandagirðingu á barmi Hverfjalls. • Lúpínusláttur við Sandvatn. • Breikka og betrumbæta steinþrep við Kirkjuna í Dimmuborgum. • Hreinsa gróður frá göngustígum í Dimmuborgum og undirbúa stíginn undir breikkun. • Fjarlægja gróður sem skyggir á útsýni í Dimmuborgum. • Tína rusl meðfram öllum slóðum og bílastíði • Laga ecogrid og ganga frá jarðvegi og grjóti umhverfis skilti við Laxá. • Bera kurl í nýjan stíg við Skútustaðagíga – afgangskurl var borið í stíg við Kálfastrandarklasa. • Hreinsa úr vatnslásam og grjóthreinsa gönguleið á Belgjarfjall.
	

Kerlingarfjöll, Önnur svæði / Hveravellir, Náttúruvætti



Sjálfbóðaliðarins hópar: 1
Vinnudagar: 25
Liðsstjóri(ar): Roger Whysall
Sérfræðingur (eða Landvörður): Hákon Ásgeirsson

11.08 – 17.08

Ástand/vandamál

Lagfæra þarf efni sem hefur færst til á gönguleið á Hveravöllum. Færa efni inn á stíg sem hefur færst út fyrir og byggja stíg upp köflum. Lagfæringar á gönguleið í Hveradölum við Kerlingarfjöll og lagfæra timburpall

Verkefni

- Hreinsa rusl og lagfæra gönguleið á Hveravöllum
- Hreinsa rusl, byggja holræsi og steintröppur í Kerlingarfjöll

Um helgina áður en vinna hófst snjóaði og gátu sjálfbóðaliðar ekki unnið á manudegi vegna þess og vonskuveðurs.





Hólmanes, Friðland

Sjálfbæðaliðarins hópar: 2

Vinnudagar: 50

Liðsstjóri(ar): Geke Aline Boer & Irene Lopes Cordeiro de Noronha Correia
Sérfræðingur (eða Landvörður): Arna Hjörleifsdóttir

21.07 – 27.07


27.07 – 03.08

Ástand/vandamál

Svæðið í Hólmanesi þarfnast betri merkis. Lúpína á verndarsvæði Hólmaness.

Verkefni

- Lagfæring á göngustígnum frá bílplaninu og út á eina borgina þ.e. þau báru meiri mól í hann þar sem hann var farinn að verða svolítið drullusvað.
- Laga dren í stígnum niður í Hólmanesið. Á meðan hluti hópsins vann í göngustígnum fór hluti þeirra í að klára að stika gönguleiðina frá Skeleyri og Baulhúsum og tengja við göngustígninn í Fólkvanginum þar sem Fjarðabyggð er að vinna að því að setja upp aðstöðuhús með salernum og útikennslustofu.
- Dreifa einni fræslæjum úr nágrenninu uppi við bílastæðið, ákveðið tilraunaverkefni hjá okkur Önnu Berg til þess gert að rækta upp melana.
- Ganga um Hólmanesið og fjarlægja gamlar stikur og drasl, stikuðu í kringum eina borgina,
- Fjarlægja tvær stórar lúpínueyjar niðri í Hólmanum
- Dreifa fræslæjum uppi við bílastæðið.



Skaftafell, Vatnajökulsþjóðgarður



Sjálfbóðaliðarins hópar: 5 (1 sex manna hópur (og 8 fyrir 2 daga) og 1 fjögurra manna hópur)

Vinnudagar: 129

Liðsstjóri(ar): Benjamin Jacobs, Lars Scharfe, Bonnie Horrex, Richard Miller Robinson & Calum Rea

Sérfræðingur (eða Landvörður): Helga Árnadóttir / Hrafnhildur Ævarsdóttir

30.06 – 06.07

28.07 – 03.08

04.08 – 10.08

Ástand/vandamál

Eyðing lúpinu: Verkefnasvæði staðsett um það bil 2,0-2,5 km austur af Skaftafelli rétt sunnan við lónið fyrir framan Skaftafellsjökul. Þetta er svæði sem aldrei hefur verið unnið að eyðingu lúpinu áður. Að sögn ráðgjafa hjá Landgræðslunni og Náttúrufræðistofnun Íslands er svæðið tífandi tímasprengja er varðar dreyfingu lúpinu á svæðinu. Verkefnið snýst um að setja upp teymi sem munu draga út og/eða sláttur lúpinu framan Skaftafellsjökul.

Margar gönguleiðir komu afar illa undan vetri og þarf að skoða ræsimál vestanmegin á S3 í Skaftafellsheiði.

Verkefni

Áherslan verður á gönguleiðir sem eru mest notaðar og ágangur mikill.

- Eyðing lúpinu á nýju svæði austan Skaftafells
- Byggja timburströppur á stignum S3 frá Bólta bílastæði til Sjónarskers



Jökulsárlón, Vatnajökulsþjóðgarður

Sjálfbóðaliðarins hópar: 4 (1 þriggja manna hópur)

Vinnudagar: 88

Liðsstjóri(ar): Joanne Evans, Richard Miller Robinson, Alastair Mc Quillan & Irene Lopes Cordeiro de Noronha Correia
Sérfræðingur (eða Landvörður): Helga Árnadóttir / Inga Hrönn Sverrisdóttir

11.08 – 17.08



Ástand/vandamál

Við aðal bílastæðið á Jökulsárlóni er jökulalda sem er vinsæll útsýnisstaður. Uppgangurinn á ölduna var ekki góður og í raun 3 leiðir upp og niður.

Verkefni

- Sjálfbóðaliðarnir lukuðu einni leiðinni og afmörkuðu betur hringleið upp á ölduna. Steintröppur voru gerðar öðru megin, og allur slóðinn afmarkaður með staurum og köðlum.
- Síðan í verkefni má taka út steinsteypa.



Snæfell, Vatnajökulsþjóðgarður

Sjálfbóðaliðarins hópar: 1

Vinnudagar: 30

Liðsstjóri(ar): Marc Fawcett-Atkinson

Sérfræðingur (eða Landvörður): Stefán Jökulsson

28.07 – 03.08



Ástand/vandamál

Sumarið 2018 var unnið að hellulögn í kringum Snæfellsskála og nýja salernishúsið en ekki tókst að klára verkið það sumarið. Í sumar var farið yfir hellulögnina frá því í fyrra og og klárað það sem vantaði upp á. Einnig var hellulagt í kringum áningaraðstöðu ofan við skálann. Á gönguleið norður frá Snæfellsskála þarf á þremur stöðum að ganga yfir á. Sjálfbóðaliðar komu stórum steinum fyrir í ánum svo hægt sé að stikla yfir ána. Hluti hópsins lagfærði gönguleiðina upp að Hengifossi svo hægt væri að opna hana fyrir gestum, en hún hafði verið lokuð í sumar vegna gróðurverndar.

Verkefni

- Hellulagning umhverfis Snæfellsskála og nýtt salernishús með náttúrulegu grjóti úr nærumhverfinu
- Hellulögð áningaraðstaða norðan við skálann
- Bætt við stiklum yfir á
- Göngustígur að Hengifossi lagfærður og girtur af



Krepputunga, Vatnajökulsþjóðgarður

Sjálfbóðaliðarins hópar: 1
Vinnudagar: 20
Liðsstjóri(ar): Lee Dunn
Sérfræðingur (eða Landvörður): Stefán Jökulsson

21.07 – 28.07

Ástand/vandamál

Í Krepputungu eru verkefni á svæðinu í kringum rústirnar í Hvannalindum. (1) Fyrsta verkefnið er á bílastæðinu þar. Bílastæðið er illa afmarkað eins og er. Þar er gamalt og illa farið grindverk sem við viljum skipta út fyrir stórgrýti úr hlíðinni fyrir ofan. (2) Annað verkefnið er á gönguleiðinni frá bílastæði að rústum. Hluti gönguleiðarinnar fer í gegnum gróðurlendi. Þar er gömul hellulögn að hluta úr náttúrulegum hellum af svæðinu en við viljum laga hana og bæta aðeins í hellurnar. (3) Þriðja verkefnið er að stika rúmlega tveggja kílómetra gönguleið eftir Kreppuhrygg.

Verkefni

- Fjarlægja girðingu í kringum bílastæði við Hvannalindir og skipta henni út fyrir stórgrýti
- Lagfæra göngustíg frá bílastæði að rústum í Hvannalindum
- Lagfæra gönguleiðina að íshellinum í Kverkfjöllum
- Stika nýja gönguleið eftir Kreppuhrygg
- Grjóthreinsa veginn að rústunum í Hvannalindum



Askja, Vatnajökulsþjóðgarður

Sjálfbóðaliðarins hópar: 1

Vinnudagar: 25

Liðsstjóri(ar): Geke Aline Boer

Sérfræðingur (eða Landvörður): Jóhann Katrín Þórhallsdóttir / Stefánía Eir Vignisdóttir

28.07 – 03.08



Ástand/vandamál

Í Öskju voru fjölbreytt verkefni, dreifð um svæðið. 8 km gönguleið frá Dreka yfir Dyngjufjöll að Víti (hækkun um 530 metrar) hafði fengið takmarkað viðhald í rúmlega 10 ár og var farin að láta á sjá. Bera þurfti ríflega 100 stikur yfir fjöllin og dreifa á gönguleiðina, bera járnkarl og málningu og festa stikurnar og mála á bakaleiðinni. Við stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs í júní 2019 komu Herðubreiðarlindir inn í þjóðgarðinn og var kraftur settur í endurbætur á gönguleiðum í sumar. Gönguleiðunum hefur lítið verið haldið við undanfarin ár og brýnt orðið að grjóthreinsa og snyrta. Af sömu ástæðu var sett upp skilti við ný þjóðgarðsmörk norðan Grafarlanda. Eitt versta utanvegaakstursmál á svæðinu kom upp seinni hluta sumars 2018, þar sem keyrt var í hringi á 6 ferkílómetra svæði, með tilheyrandi spóli, á grónum mel norðan Grafarlanda. Frostlyfting síðastliðinn vetur hafði hjálpað til við að gera förin minna sýnileg frá vegi, en þó mátti sjá dýpstu og verstu förin næst vegi. Þegar gengið var inn á svæðið sáust ótal djúp og slæm för sem eiga seint eftir að jafna sig. Ýmsum möguleikum til viðgerða sig hefur verið velt upp en ákveðið var að lokum að nýta hvorki slóðadragara né önnur tæki. Í staðinn var ákveðið að raka dýpstu og verstu förin og reyna að slétta úr þeim, svo frost og þýða næsta vetur eigi auðveldara með að afmá förin.

Verkefni

- Stika gönguleið frá Dreka, yfir Dyngjufjöll, að Víti (8 km, 530 m hækkun).
- Afmá för vegna utanvega aksturs við veg F88 (norðan Grafarlanda).
- Setja upp nýtt skilti við þjóðgarðsmörk að norðan, við veg F88.
- Grjóthreinsa og snyrta göngustíga í Herðubreiðarlindum.



Jökulsárgljúfur, Vatnajökulspjóðgarður

Sjálfbóðaliðarins hópar: 3

Vinnudagar: 75

Liðsstjóri(ar): Geke Aline Boer, Daniel Averill & Roger Whysall

Sérfræðingur (eða Landvörður): Guðmundur Ögmundsson Árdís Hrönn Jónsdóttir

14.07 – 20.07

21.07 – 27.07

18.08 – 24.08



Ástand/vandamál

Ásbyrgi-Ástjörn: Pallur of stuttur og hálfsockinn í mýri. Krossgötur ruglingslegar, þarf að færa leið. Endurnýja göngupall í votlendi við Ástjörn. Laga krossgötur og smíða tröppur við Buska.

Vesturdalur/Hólmatungur/Dettifoss vestan: Pallur brotinn og hálfsockinn í mýri. Göngubrýr í lélegu ástandi. Fosshvammur; mikið álag, þarf að laga stýringar og jafnvel fjölga þrepum. Endurnýja göngupall í votlendi við Lambahelli, almennar lagfæringar á gönguleið. Laga göngubrýr í Hólmatungum. Viðhald í Fosshvammi.


Ásbyrgi-Klappir: Bæta núverandi göngustíga. Halda áfram með pallavinnu.

Ásbyrgi: Stígur að hverfa í trjágróður, blautur á köflum. Breikka stíga í Áshöfðahring. Smíða stuttan göngupall í votlendi. Vinna að öðrum verkefnum ef/sem ekki hafa klárast, mögulega grisja á reiðleið.

Verkefni

- Dettifoss að vestanverðu: Hellulagning / Byggja steinströppur, timburströppur, dren og ræsi á stígnum í Fosshvammi.
- Hólmatungur: Byggja timburtröppur og timburpalla í Kötlum.



	<h2 style="text-align: center;">Nyídalur, Vatnajökulspjóðgarður</h2> <p style="text-align: center;"> Sjálfbóðaliðarins hópar: 1 Vinnudagar: 25 Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland Sérfræðingur (eða Landvörður): Gunnar Njálsson </p> <p style="text-align: center;">14.07 – 20.07</p>
---	---

<p style="text-align: center;">Ástand/vandamál</p>	<p>Eyðing lúpínu - Sigðir eða sambærileg verkfæri vegna lúpínueyðingar nauðsynleg Nokkuð um utanvegaakstursförum sem þar að raka og þörf er á að afmarka slóða</p>
---	---

- | | |
|--|--|
| <p style="text-align: center;">Verkefni</p> | <ul style="list-style-type: none"> • Afmarka vegslóða • Byggja dren og ræsi fyrir skálaverði • Eyðing lúpínu • Teymið þurrkaði ekki út utanvegaakstursförum að því að veðrið var ekki til þess fallið að gera það (of mikil rigning) |
|--|--|



Eldgjá, Vatnajökulsþjóðgarður

Sjálfbóðaliðarins hópar: 1
Vinnudagar: 25
Liðsstjóri(ar): Benjamin Jacobs
Sérfræðingur (eða Landvörður): Guðbjörg Runólfsdóttir

21.07 – 27.07



Ástand/vandamál

Þörf á að afmarka vegslóða betur og eyða villuförum. Setta þarf niður spækjur með vegi en víða er auðvelt að tína veginum í mikilli þoku, villuslóðum þarf að eyða með því að raka og raða steinum við útskot. Setja þarf nýja vegvísa og stika stutta gönguleið við Sveinstind.

Verkefni

- Þau spækjuðu akleiðina upp Breiðbak og norður fyrir Langasjó og löguðu og bættu við spækjum á útsýnisstað yfir Skaftá og út að Sveinstindsskála.
- Grófu niður staura fyrir vegvísa á útsýnisstað yfir Útfallið og við Breiðbak.
- Stíkuðu leið við salernisaðstöðu við Langasjó.
- Grjótuðu leiðarvísi að útsýnisstoppi við Hellnafjall.
- Löguðu gönguleið inn að Ófærufossi í Eldgjá.
- Löguðu þrep og settu ofaníburð á uppgöngu við salernishús í Eldgjá.



	<h2 style="text-align: center;">Laki, Vatnajökulspjóðgarður</h2> <p style="text-align: center;"> Sjálfbóðaliðarins hópar: 1 Vinnudagar: 25 Liðsstjóri(ar): Lars Scharfe Sérfræðingur (eða Landvörður): Anna Þorsteinsdóttir / Jóna Björk Jónsdóttir </p> <p style="text-align: center;">07.07 – 13.07</p>
<p style="text-align: center;">Ástand/vandamál</p>	<p>Göngustígur upp á Laka, stórskemmdur, þörf á að búa til slagbranda til að hefta frekari skemmdir. Unnið hefur verið við lúpínueyðingu undanfarin ár og því þarf að halda áfram. Göngstígur milli Stóragígs og Tjarnargígs er á veginum sem veldur mikilli hættu fyrir göngumenn m.a. vegna blindhæðar sem þar er. Gamli aflagðir göngustígar og villuslóða þarf að laga með mosafuttningi</p>
<p style="text-align: center;">Verkefni</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Prep á leiðinni upp að Laka að vestan löguð. • Lúpínusláttur. • Móta nýjan stíg frá bílastæðinu við Tjarnargíg bílastæðinu við Stóragíg. Mosinn semvar tekinn var upp í viðgerðir á hjólförum á sama stað. • Ekki var byrjað á lagfæringum á göngustíg upp á Laka að sunnan, það verður sérstakt verkefni sumarið 2020
	